

kærum og kröfum stefnda í málinu og fellur þá málskostnaður niður. En treysti hann sér ekki til að vinna svo feldan eið, ber honum að greiða stefnda kr. 76 40 aur. með 5% vöxtum frá 19. júní 1899, unz borgað er að fullu, og 50 kr. í málskostnað fyrir báðum réttum.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að við iagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. aprilmánaðar.

Nr. 14/1900.

Réttvísinn

gegn

Bárði Kristjáni Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjardarsýslu, uppkveðnum 5. febr. þ. á., var hinn ákærði, búfræðingur Bárður Kristján Guðmundsson á Hesteyri, dæmdur fyrir húsbrennu samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 283. gr. 2. málslíð, til að sæta 2. ára betrunarhúsvinnu, greiða iðgjöld til Ingibjargar Halldórsdóttur 131 kr. 75 aur., svo og lúka öllum af málsrekstrinum í héraði og varðhaldsvist hans leiðandi kostnaði að meðtöldum málsvarnarlaunum til verjanda hans, 8 krónum. Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfir dómsins að beiðni hins ákærða.

Hinn ákærði bygði árið 1898 hús á verzlun-

arstaðnum Hesteyri í Norður-Ísafjarðarsýslu og váttrygði það sama ár hjá brunabótafélaginu »Commercial Union« fyrir 1600 kr., og var húsið þá eigi fullbúið. Hjá sparisjóðnum á Ísafirði fekk hann lán upp á húsið, sem hann átti að greiða afborgun og vexti af árlega, afborgun í fyrsta sinn á síðastliðnu hausti. Auk þess hvíldu á honum ýmsar aðrar skuldir, sem hann ekki hafði fé til að greiða. Honum hugkvæmdist þá það ráð, að afla sér fjár með því að brenna húsið, en áður vildi hann þó hækka ábyrgðar-upphæð þess og í því skyni sneri hann sér í síðastliðnum nóvembermánuði til umboðsmanns brunabótafélagsins »Commercial Union« á Ísafirði, og beiddist þess, að ábyrgð á húsinu væri hækkuð um 400 kr., og sendi jafnframt fult ábyrgðargjald, einnig fyrir hækkun ábyrgðarinnar. Nokkru áður, í september f. á, hafði hann váttrygt innanstokksmuni sína og lausafé fyrir 1400 kr. hjá umboðsmanni brunabótafélagsins: »det kgl. octrojerede almindelige Brandassurance Compani« á Ísafirði, og jafnframt váttrygði hann þar fjármuni ráðskonu sinnar fyrir 400 kr., og hafði hún áður bedið hann, eða óskað þess, að hann váttrygði lausafé sitt, en eigi hafði hún tiltekið váttryggingarupphæðina. Lausafé þetta, sem hann þannig váttrygði, var í húsi hans. Ákærða var neitað um áður áminsta hækkun á ábyrgð á húsinu, en tilkynningu um það fekk hann eigi tyr en hann hafði framkvæmt það áform sitt, að kveikja í því og brenna það. Þegar ákærði hafði gjört þennan undirbún-



ing, og fest það ráð með sér, að kveikja í húsinu og brenna það, til þess að ná í ábyrgðarupphæð þess og lausafjárins, afréð hann að framkvæma þetta áform sitt nóttina milli 15. og 16. desember f. ár. Undir lofti í húsi hans var óþiljað geymslurúm í öðrum endanum; var þar meðal annars geymt steinolíufat með töluverðu af steinolíu í; rétt hjá fatinu voru þokar, kassar, veiðarfæri og ýmislegt fleira. Síðari hluta dags, hinn 15. desember, — en þá var gott veður, tunglskin og logn, — fór ákærði inn í geymslurúmið, vætti hamp og kaðaltáningu með steinolíu og lagði þetta bak við steinolíutunnuna. Á venjulegum tíma um kvöldið, um kl. 10, fór heimilisfólk að háttu í húsinu, sömuleiðis hinn ákærði; en er hann hafði legið í rúmi sínu nálægt því klukkutíma, og allir aðrir voru komnir í svefn, læddist hann út úr svefnherbergi sínu, fór niður í geymslurúmið, skvetti steinolíu á hefilspæni, er troðið var upp í binding á húsinu og sem þar sást á, og á þiljur og gólf í þeim enda geymslurúmsins, þar er tunn- an lá, velti tunnunni af stokkunum, þannig, að olían rann úr henni, og kastaði síðan logandi eld- spýtu í olíuna, og kviknaði þá þegar í henni, hús- þilinu og húsveggnum. Eftir skamma stund stóð alt húsið í björtu báli. Ákærði var þó áður kominn upp á loft í húsinu, og hafði aðvarað hitt heimilisfólkið um, að eldur væri kominn í húsið. Fólkið alt í húsinu, — en þar var, auk ákærða, faðir hans og tvö börn ákærða, ráðskona ákærða og vinnukona — komst út úr brunanum skemdar-

laust, en húsið og alt fémætt, er í því var, brann til kaldra kola. Það virðist eigi hafa stafað vöð af bruna þessum fyrir nokkurt annað mannvirki í nándinni, og eigi fyrir mannslíf annara en þeirra, sem í húsinu voru, og sýndi ákærði talsverða fyrirhyggju til þess að setja þá eigi í vöð. — Töluverð tregða varð á því, að hinn ákærði játaði glæp sinn fyrir undirréttinum, en hann var þegar í upphafi grunaður um að hafa valdið brennuni; að lokum gaf hann þó afdráttarlausu skýrslu um verknadinn og öll atvik, sem lúta að honum.

Þegar húsið var brunnið, gjörði hinn ákærði ráðstafanir til þess, að fá ábyrgðarupphæðina fyrir það útborgaða. Hann skýrði þá frá því, að brunnið hefðu hjá sér 250 kr. í peningum, í staðinn fyrir 105 kr., sem hann síðar hefir kannast við að væri hin rétta upphæð. Skýrsla hans um hið brunna lausafé var og röng, að því er nokkra aðra muni snertir.

Framantalin afbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og eigi hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurn glæp, heyrar undir 283. gr., 2. lið hinna almennu hegningarlaga, og 261. gr. sömu laga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 2 ára og 6 mánaða betrunarhúsvinna. Um málskostnað og iðgjöld á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Hinn ákærði á einnig að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að



rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Bárður Kristján Guðmundsson skal sæta betrunarhúsvinnu í 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti skal undirréttardómurinn vera óraskaður. Ákærði greiði einnig allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og talningu- og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og skal honum að öðru leyti fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maímánaðar.

Nr. 15/1900:

Réttvísingegn

Lárusi Pálssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn Lárusi Pálssyni, húsmanni í Reykjavík fyrir fölsun á læknisrecepti, fyrir að hafa gjört skaða með lækningatilraun og fyrir ólöglega meðalásölu, og var það dæmt í aukarétti Reykjavíkur 24. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að ákærði var sýknaður af ákæru sóknarans að því er kærana fyrir skjalafölsun snerti,